



## Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf.

Verður haldinn 16. mars 2016

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, miðvikudaginn 16. mars 2016 og hefst hann stundvíslega kl. 16:00. Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 15:30 á aðalfundardegi. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Endanleg dagskrá frá stjórn er svohljóðandi:

- 
1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2015.
  2. Stjórnin leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir hið liðna ár.
  3. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu og greiðslu arðs.
  4. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
  5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
  6. Kosið í stjórn félagsins.
  7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og starfsreglur um kaupaukakerfi.
  8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar og undirnefnda hennar.
  9. Kosning endurskoðunarfélags í samræmi við lög um vátryggingastarfsemi.
  10. Önnur mál löglega fram borin.

---

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en kl. 16:00 sunnudaginn 6. mars 2016. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is). Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur á tímabilinu 3. mars - 6. mars 2016, verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir aðalfund eða á aðalfundinum sjálfum.

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á aðalfundi skriflegar. Þó skal stjórnarkjör jafnan vera skriflegt ef tillögur koma fram um fleiri stjórnarmenn en kjósa skal. Stjórnarkjör fer fram skv. hlutfallskosningu eftir samþykktum félagsins nema réttmæt krafa um margfeldiskosningu komi fram frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 10% hlutafjár sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist til höfuðstöðva félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði.

Hluthafar geta einnig látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hlutaskrárkerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi.

Aðalfundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Frestur til að tilkynna um framboð til stjórnar á [stjorn@vis.is](mailto:stjorn@vis.is) lýkur fimm dögum fyrir aðalfund, nánar tiltekið þann 11. mars kl. 16:00. Framboðseyðublað má finna á vefsíðu félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða lagðar fram hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á fundarstað og eru þau á íslensku en hluthafafundurinn fer einnig fram á íslensku.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa og annað sem varðar aðalfundinn, svo sem ályktunartillögur stjórnar, (þ.á.m. um breytingar á samþykktum), starfskjarastefnu, starfsreglur um kaupaukakerfi, eyðublöð og slíkt, er að finna á vefsíðu félagsins: [www.vis.is/fjarfestar](http://www.vis.is/fjarfestar).

Reykjavík, 2. mars 2016.

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.